

Fimmta lota: Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur

Áskorun þessarar lotu er að skapa sterk og jákvæð vinatengsl innan hópsins, að skapa rósemd og friðsælt andrúmsloft til að börnin geti auðveldlega verið nán og sýnt hvort öðru umhyggju. Á þennan hátt hjálpum við börnunum að líta á sig sem góða og umhyggjusama einstaklinga.

1. Kennarinn er alltaf fyrirmynd
 - Í stað þess að nota alltaf orð þegar barni er veitt athygli fyrir góða hegðun eða frammistöðu getur verið nóg að senda hlýtt augnaráð, smá blikk, ljúfa snertingu á öxlina eða “þumal upp”.
 - Með þessu móti fá börnin jákvæða athygli, jákvæða upplifun á sjálfum sér og best af öllu að þessi tegund athygli truflar ekki aðra eða skapar samkeppni meðal barnanna.
2. “Leynivinir”
 - Leynivinaleikir barna geta faaið í sér að lauma litlum pökkum með einhverju heimagerðu til vinkonu eða vinar eða að skrifa niður falleg orð um viðkomandi. Útfærslunar geta verið margar og mismunandi en áherslan er alltaf á vináttuna, umhyggjuna og kærleikann sem felst í að leggja vinnu í að búa til fallega gjöf handa öðrum.
 - Leynivinaleikir fullorðinna eru líka þörf æfing. Á nákvæmlega sama hátt og börnin efla getu sína til að vera góður vinur í gegnum sína leynivinaleiki gagnast leikurinn fyrir fullorðna. Það getur verið gott að staldra aðeins við og leyfa sér að taka eftir því jákvæða í fari annarra.
3. Skilgreining á vináttu – Hvað þýðir það að vera góður vinur?
 - Það er mikilvægt að hlusta eftir álit barna á vináttunni. Er sá sem reynist þér vel vinur þinn? Er sá sem þorir að segja nei við þig vinur þinn? Þurfa vinir alltaf að vera sammála? Á annar vinurinn að stjórna og hinn að hlýða? Mega vinir leika við aðra og segja: “Við getum leikið okkur saman seinna.” Spurningarnar eru miklu fleiri en þær hjálpa börnum að setja mörk í samskiptum við vinkonur og vini.
4. Æfingar í umhyggju
 - Að fá tækifæri til að setja plástur á særðan fingur bæði þegar nauðin er sönn en einnig sem æfing í að skapa nálægð því þetta eru aðstæður sem börnin þekkja vel.
 - Á fjölskyldumorgna eru foreldrar, systkini og aðrir ættingjar velkomnir í skólann. Þessir viðburðir gefa til kynna umhyggjuna sem börnin bera fyrir fjölskyldu sinni.
5. Raunveruleikatengd verkefni
 - Að hjálpa öðrum er góð æfing í að sýna vináttu í verki. Að fara með ruslið út fyrir starfsfólk í eldhúsi, að aðstoða yngri eða jafnvel eldri nemendur í skólanum, að baka fyrir annan hóp og bjóða til veislu eru allt góð verkefni sem sýna vináttuhug. Þegar þessi verkefni eru unnin er umræðan um vináttuna að minnsta kosti jafn mikilvæg verkefninu sjálfu.
 - Ef tækifæri gefst til er fyrirtak að komast í snertingu við dýr og gefa börnunum færi á að rækta um stund þá eðlisægu umhyggju sem við berum fyrir dýrum.
6. Að æfa nálægð við aðra
 - Að geta leiðst, tengst vináttuböndum, á plássi, í leikjum eða á söngfundum er kjörin leið til þess að æfa snertingu um leið og það kallar fram góða tilfinningu. Hópurinn getur sent hugsanir til einhvers sem er ekki í skólanum þann daginn eða einfaldlega setið í hring með lokuð augu og fundið fyrir tengingunni. Slíkar aðstæður kalla fram bæði nálægð og jákvæðni.

- Til eru alls kyns leikir sem kalla á snertingu og nálægð. Til dæmis ef einn nemandi teiknar ímyndaða mynd á bak annars sem á að giska á hvað er teiknað eða skrifar stafi. Pizza leikurinn felur í sér að einn nemandi er deigið á meðan annar er bakarinn sem þarf að sjálfsögðu að hnoða deigið til og setja alls kyns álegg á það. Með hverju áleggi er notuð ólík snerting svo sem nudd, pot, strokur.
- Með því að nota mjúka þurra pensla geta börnin strokið handleggi, fótleggi eða andlit hvors annars. Þetta þarf að gefa af mikilli mýkt til að það kalli ekki fram kit log fíflang og er því mjög krefjandi verkefni. Að mála á andlit hvors annars er líka ljómandi gott verkefni.
- Hárgreiðsluleikir skapa einnig góða nærveru og eru jafnframt tækifæri til innihaldsríkra samræðna.

7. Að skapa notalegt andrúmsloft

- Kertaljósum fylgir ró en annars má nota jólaseriur til að ná fram viðmóta lýsingu.
- Slökunartónlist skapar grundvöll fyrir rólegum og afslöppuðum tíma.

8. Gengið í röð í pörum

- Að haldast í hendur í tvöfaldri röð er góð æfing í að taka tillit til annarra.
- Skemmtilegir leikir til að æfa sig í að taka tillit er ef börnin haldast í hendur, tvö og tvö og fá svo hratt fyrir máli frá kennara um að standa á fætur, setjast niður, hoppa og gera alls kyns líflegar æfingar.

9. Nálægð og þakklæti

- Að kunna að hugga sorgmædda vinkonu eða dapran vin er dýrmætt. Þetta má æfa með því að gefa hjartaknúsnú þar sem höfuð beggja vísa til hægri og hjörtun "snertast". Á eftir faðmlaginu er gott að nota tækifærið og segja eitthvað fallegt um viðkomandi.
- Það er góð æfing í þakklæti að fara yfir hvað er vel gert. Það má til dæmis gera með upprifjun á því hvað gekk vel daginn áður eða í síðustu viku. Það er jafnframt gott fyrir börn að æfa þakklæti með því að gefa eitthvað til baka. Þannig má til dæmis æfa lag og syngja fyrir kokkinn sem ávallt leggur sig fram við að búa til góðan mat fyrir alla.

Fimmta lota – Hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn í fimmtu lotu:

Félagsskapur – "Ykkur gengur vel að leika saman"

Umhyggja - "Hvernig líður þér?"

Nálægð – "Þið eruð góð saman"

Kærleikur – "Vinalæg snerting, bros eða blikk"



Funded by the European Commission Daphne III program.

European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.